

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Þegar Skútustaðahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa er þeim húseigendum sem þar eiga hús að eða í námunda við og til holræsa geta náð skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því í aðalræsið (götuæð) og annast viðhald þeirra.

Vanræki einhver að láta gera holræsi (heimæð) innan hæfilegs frests getur hreppurinn látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með holræsakerfi hreppsins, s.s. viðhaldi, endurbótum og aukningu þess. Heimilt er hreppsnefnd að fela sérstökum manni slíka umsjón.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt (heimæð) skal hann hafa fengið leyfi hreppsnefndar til þess. Öll slík leyfi skulu skráð í gerðabók hreppsins.

Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar (umsjónarmanns) að því er varðar gerð, lagningu og frágang heimæðar enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allur kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði.

5. gr.

Hverjum húseiganda, sbr. 1. gr., er skylt að greiða árlegt holræsagjald til hreppsins er nemur 0,3% af fasteignamati húss hans eins og það er á hverjum tíma.

Gjaldddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatta enda gjöld þessi innheimt sameiginlega.

6. gr.

Húseigandi greiðir holræsgjald og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess þótt hann hafi framselt afnotarétt eignarinnar.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Skútustaðahreppi nr. 133/1969, sbr. reglugerð nr. 224/1972.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. mars 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.